



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8 –10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. mars 2003

Efni: Umsögn um “Tillögu til þingsályktunar um nýtingu innlands trjáviðar.”

Borist hefur tillaga til þingsályktunar um nýtingu innlands trjáviðar, þskj. 154 – 154 mál.

Hef skoðað umrædda þingsályktunartillögu og tel hana mjög athyglisverða og tek undir efni hennar.

Jafnframt skal bent á hvort tengja megi efni þingsályktunartillögunnar því, að koma á samvinnu skógræktar og rekabænda.

Rekabændur hafa vélvæðst á síðari árum og lagt aukna áherslu á úrvinnslu rekaviðar í verðmæta timburvöru. Einnig nýta þeir mor og annan afgangsvið með fjölbreytilegum hætti. Allmargir þeirra eiga stórvirkar sögunarvélar sem ekki eru fullnýttar. Einn þáttur í samvinnu skógræktar og rekabænda gæti verið sá að skógræktin nýtti sér véltækni rekabænda við úrvinnslu trjáviðar?

Virðingarfyllst,

Árni Snæbjörnsson,
hlunnindaráðunautur BÍ

Hagþjónusta landbúnaðarins

Agricultural Economics Institute of Iceland

Alþingi

Erindi nr. P 128/1549

5. mars 2003.

komudagur 6. 3. 2003

Landbúnaðarnefnd Alþingis,
Alþingi,
150 Reykjavík.

Hagþjónusta landbúnaðarins staðfestir móttöku erindis landbúnaðarnefndar dags. 25. febrúar 2003 er varðar umsögn stofnunarinnar um tillögu til þingsályktunar um nýtingu innlends trjáviðar, 154. mál (þingskjal 154).

Hagþjónusta landbúnaðarins styður eindregið að kannaðir verðu möguleikar á aukinni nýtingu innlends trjáviðar sem fellur til við grisjun í skógum landsins. Stofnunin tekur jafnframt undir að mikilvægt sé að gerð verði fagleg úttekt á því hvernig fullnýta megi þessi verðmæti. Í þessu sambandi er einkar mikilvægt að bændum verði gefinn kostur á að koma að vinnslu af þessu tagi þannig að þeir megi njóta tekjuauka í ljósi tiltölulega lágrar afkomu [í hefðbundnum greinum landbúnaðar; einkum í sauðfjárrækt], sbr. árlegar búreikningaskýrslur Hagþjónustu landbúnaðarins þess efnis.

Ofangreindu til staðfestingar,

Jónas Bjarnason
forstöðumaður

Aðsetur:
(Offices)
Hvanneyri
Borgartjárdarsveit

Póstfang:
(Postal Address)
Hvanneyri
IS-311 Borgarnes
Iceland

Sími:
(Telephone)
437 0122 &
437 0000
(+354 437 0122)

Bréfasími:
(Telefax)
437 0121
(+354 437 0121)

Netfang:
(E-mail)
hag@hag.is
Hemmasíða:
(Homepage)
www.hag.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/1608
komudagur 8.3.2003

LANDGRÆÐSLA RÍKISINS




Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Gunnarsholti 5. mars 2003

**Umsögn um tillögu til þingsályktunar um
nýtingu innlends trjáviðar,
154. mál**

Undirritaður fyrir hönd Landgræðslu ríkisins lýsir fyllsta stuðningi við ofangreinda tillögu til þingsályktunar og gerir engar athugasemdir við hana. Brýnt er að þessu máli verði hrundið úr vör hið fyrsta.

Virðingarfyllst,
f.h. Landgræðslu ríkisins



Sveinn Runólfsson
landgræðslustjóri.

Alþingi
Erindi nr. P 128/1S18
komudagur 6.3.2003

Landbúnaðarnefnd Alþingis
Elín Valdís Þorsteinsdóttir
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 03. mars 2003

2003020031/016-1

SB

Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um nýtingu innlends trjáviðar, 154. mál.

Vísað er til bréfs Landbúnaðrnefndar Alþingis, dags. 28. febrúar 2003, þar sem Náttúrufræðistofnun Íslands er beðin um umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu.

Stofnunin gerir engar athugasemdir við tillöguna.

Virðingarfyllst,



Jón Gunnar Ottósson,
forstjóri



Alþingi
Erindi nr. Þ 128/1552
komudagur 6.3.2003

Akureyri 5. mars 2003

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: *Umsögn Norðurlandsskóga vegna þingsályktunartillögu um nýtingu innlends trjáviðar, 154. mál.*

Stjórn Norðurlandsskóga fagnar fram kominni þingsályktunartillögu um nýtingu innlends trjáviðar og mælir eindregið með samþykkt hennar.

Skógrækt er ört vaxandi búgrein á Íslandi, stjórn Norðurlandsskóga tekur undir mikilvægi þess að markvisst verði unnið að verðmætasköpun þess viðar sem til fellur í framtíðinni.

f.h. Norðurlandsskóga

Stefán Guðmundsson
stjórnarformaður

Alþingi
Erindi nr. Þ 128, 1SS,
komudagur 03. 2003



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Egilsstöðum, 5. 3. 2003


Efni: Umsögn Skógræktar ríkisins um tillögu til þingsályktunar um nýtingu innlends trjáviðar, 154. mál.

Mælt er með að tillagan verði samþykkt.

Greinargerð:

Skógrækt ríkisins vinnur nú þegar að þessu verkefni af veikum mætti og væri það mikil lyftistöng að fá stuðning frá Alþingi.

F.h. Skógræktar ríkisins


Þröstur Eysteinnsson
fagmálastjóri



SUÐURLANDSSKÓGAR

Alþingi
Erindi nr. P 128/1550
komudagur 6. 3. 2003

Suðurlandsskógar
Austurvegi 1-5
800 Selfoss

LANDBÚNAÐARNEFND ALÞINGIS

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar

um nýtingu innlends trjáviðar

Suðurlandsskógar lýsa ánægju sinni með þessa þingsályktun um nýtingu innlends trjáviðar. Á næstu árum eykst verulega grisjunarþörf í skógarreitum landsins og því er aðkallandi að huga í tíma að nýtingar - möguleikum hráefnis úr skógi. Undirbúningsvinna vegna nýtingar grisjunarviðar er auk þess nauðsinlegt skref í þróun á vinnslumöguleikum á trjáviði úr lokafellingu í skógi.

Efnislega eru Suðurlandsskógar sammála tillögunni. Benda má á nokkur atriði í framsetningu sem mætti breita ;

1. Þar sem ekki er ástæða til að takmarka tillöguna við ákveðna nýtingarþætti þá mætti fyrsta setning tillögunnar enda þannig :
“.....,byggingarefnis,límtrés,**eldiviðarframleiðslu eða annars.**”
2. Í lið c. er tekið dæmi um nýtingarmöguleika á lerki. Á næstu árum mun aukast mjög grisjun í aspar og greni reitum og því mætti bæta eftirfarandi inn á eftir fyrstu setningu í c. lið;
“.....sólpalla o.fl.**Sitkagreni er notað í utanhússklæðningu ,bekki og borð o.fl. þar sem mikils styrks er þörf.Ösp er auðveld í vinnslu og hentar t.d. sem gólfefni, inniklæðning,í krossviðarplötur og matvælaumbúðir. Afgangsvið og.....”**

4.febrúar 2003

F.h. Suðurlandsskóga

Hallur Björgvinsson
svæðisstjóri